

## Tegundabreyting fiskeldis Hábrúnar ehf. í Skutulsfirði, Ísafjarðarbæ

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 INNGANGUR

Þann 3. nóvember 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Hábrún ehf. um fyrirhugaða tegundabreytingu í Skutulsfirði, Ísafjarðarbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. liði 1.11 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Þorsk- og regnbogasilungselði Hábrúnar í Skutulsfirði. Tilkynning til ákvörðunar um matskyldu tegundabreytingar í fiskeldi úr framleiðslu á þorski og regnbogasilungi í lax í sjókvíum. Fyrirspurn um matskyldu. Hábrún ehf. nóvember 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Fiskistofu dags. 22. desember 2020,
- Hafrannsóknastofnun dags. 11. janúar 2021,
- Matvælastofnun dags. 5. janúar og 21. maí 2021,
- Umhverfisstofnun dags. 14. janúar 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 18. desember 2020, 19. janúar, 5. febrúar, 26. mars, 17. maí, 18. júní, 2. og 6. júlí 2021.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

##### Forsaga málsins

Hábrún ehf., (áður Álfsfell ehf., Glaður ehf. og Sjávareldi ehf.) hefur stundað eldi á þorski og regnbogasilungi í sjókvíum í Skutulsfirði síðan 2002. Árið 2009 tók Skipulagsstofnun ákvörðun um að stækkun á eldi Álfsfells ehf. úr allt að 200 tonna ársframleiðslu í allt að 900 tonn af þorski í Skutulsfirði skyldi háð mati á umhverfisáhrifum. Sú framkvæmd var fyrirhuguð á sama stað og sú framkvæmd sem nú er áformuð. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að líkur væru á því að þá þegar hafi eldi í Skutulsfirði haft áhrif á botndýralíf í firðinum, þó fiskeldi þar teldist ekki umfangsmikið. Árið 2017 sendi Hábrún ehf. inn tilkynningu um framleiðslu á 1.000 tonnum af þorski og regnbogasilungi einnig á sömu eldissvæðum og var það einnig niðurstaða Skipulagsstofnunar að sú framkvæmd skyldi háð mati á umhverfisáhrifum. Í ljósi þess að svigrúm á umfangi eldissvæða væri takmarkað vegna stærðar Skutulsfjarðar og talsverð skipaumferð um fjörðinn, taldi Skipulagsstofnun stækkun eldissvæðisins kallaði á nánari skoðun á samspili eldisins og mögulegri víxlverkan við aðra nýtingu í firðinum. Árið 2018 tók Skipulagsstofnun síðan ákvörðun um að 700 tonna eldi á þorski og regnbogasilungi á vegum Hábrúnar ehf. í Skutulsfirði væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Eðli þeirrar framkvæmdar var að inntaki það sama og gert var ráð fyrir í



tilkynningu Hábrúnar frá árinu 2017, sem var ákvörðuð matskyld. Breytingin fólst í að dregið hafði verið úr stærð og umfangi framkvæmdar og samhliða settar fram nánari skýringar varðandi atriði sem snéru að lífrænu álagi og slyshættu í samhengi við siglingaleiðir í grennd við eldissvæðið.

### Núverandi fyrirkomulag eldis

Núverandi fyrirkomulag eldis gerir ráð fyrir 650 tonna eldi af regnbogasilungi og 50 tonnum af þorski á vegum Hábrúnar ehf. á eldissvæðum utan við Eyrina í Skutulsfirði austanverðum.

Kvíar Hábrúnar eru um 800 m frá landi og er dýpi undir þeim frá 20-25 m, eða að meðaltali 22 m og dýpkar frá þeim til austurs. Mesta dýpi austan við kvíarnar er um 30 m. Innsta kvíin er rétt rúman kílómetra frá Eyrinni.

Sjókvíaeldissvæði Hábrúnar er skipt í þrjú álíka stór eldissvæði, þar sem aldar eru tvær kynslóðir á sitt hvoru eldissvæðinu og eitt svæði er ávallt í hvíld. Svæðin eru 0,38 km<sup>2</sup>, 0,44 km<sup>2</sup> og 0,50 km<sup>2</sup> að stærð, samtals 1,32 km<sup>2</sup> og eru 8 kvíar í tveimur eldissvæðum og 10 kvíar í einu. Fyrirkomulaginu er ætlað að minnka smithættu milli óskyldra sjókvíaeldisstöðva og á milli kynslóða eftir eldislotu hvernar kynslóðar í sjókvíaeldi, þar sem hvert eldissvæði er hvílt í a.m.k. 90 daga eftir að eldi og slátrun hvernar kynslóðar lýkur.

### Fyrirhuguð áform

Fram kemur að Hábrún fyrirhugi að hætta eldi á regnbogasilungi og þorski og hefja í stað þess eldi á frjóum laxi á sömu eldissvæðum. Fyrirkomulag eldisins verður með sama hætti og við núverandi eldi, þ.e. aldar verða tvær kynslóðir á sitt hvoru eldissvæðinu og eitt svæði er ávallt í hvíld. Áform eru um að notast við norsk ættaðan laxastofn sem hefur eiginleika sem sóst er eftir í matfiskeldi eins og hraður vöxtur, síðbúinn kynþroski og gott viðnám gegn ýmsum fisksjúkdómum. Seiði verða bólusett fyrir sjósetningu og notast fyrirtækið eingöngu við sjúkdómafrí seiði sem vottuð hafa verið af dýralækni.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Hábrúnar ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

### Erfðablöndun við villta laxa

Fyrir liggja áform um tæplega 30.000 tonna sjókvíaeldi á vegum annarra aðila á fremur takmörkuðu svæði í Ísafjarðardjúpi. Samkvæmt áhættumati Hafrannsóknastofnunar vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna er talið að hægt sé að leyfa allt að 12.000 til 14.000 tonna eldi á frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi án þess að skaða laxastofna þeirra áa sem matið tekur til.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fjarlægð fyrirhugaðs eldis á laxi sé lengra frá þekktum laxveiðiám í Ísafjarðardjúpi en þau fjarlægðarmörk sem sett eru til viðmiðunar í áhættumati Hafrannsóknastofnunar. Í Ísafjarðardjúpi finnst lax í Laugardalsá og Langadalsá skv. rannsóknnum Hafrannsóknastofnunar. Það er því ljóst að fyrirhugað eldi skapar enga hættu fyrir þessar ár, enda eru þær fjarri eldissvæðunum í Skutulsfirði, eða í 25,4 km fjarlægð annarsvegar og 42,6 km hinsvegar. Niðurstaðan er því sú að þegar litið er til ýtrustu varúðarkrafna Hafrannsóknastofnunar um fjarlægð eldis og laxáa þá er eldi Hábrúnar vel staðsett.

Fiskistofa horfir einkum til þeirra áhrifaþátta vegna sjókvíaeldis á laxi við Ísland sem felast í mögulegum áhrifum af því að strokulax af norskum uppruna blandist villtum laxi (erfðablöndun) og til þess að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra. Breyting úr sjókvíaeldi á þorski í lax felur í sér mikla eðlisbreytingu á ofangreindum þáttum og telur Fiskistofa því mikilvægt að tegundabreytingin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að ekki sé hægt að fullyrða að engin áhrif verði af fyrirhuguðu eldi á laxi, einungis að áhættumatið meti áhættuna vera „ásættanlega“ út frá skilgreindum breytum. Aðrar breytur sem teknar eru með í áhættumatið skipta einnig miklu máli eins og t.d. fjölda laxa í stroki/óhappi, tíðni sem og magn í hverju stroki. Hafa skal í huga að strokulaxar geta einnig haft neikvæð áhrif á minni laxastofna en þá sem eru í laxveiðiám eins og Langadalsá og Laugardalsá. Þá er ljóst að laxar sem ganga úr ám í Ísafjarðardjúpi og mögulega víðar ganga um áhrifasvæði fyrirhugaðs sjókvíaeldis á laxi, auk þess sem Ísafjarðardjúp er einnig beitarsvæði silungs og nytjafiska. Fyrirhugað magn af laxi er innan áhættumats erfðablöndunar og burðarþolsmats Hafrannsóknastofnunar.

### Sjúkdómar í eldisfiski

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að ekki hafi komið upp smitsjúkdómar á Íslandi, sem valdið hafa miklum skaða hjá nágrannaþjóðum. Nýrnaveiki er sá sjúkdómur hérlendis sem hefur valdið mestum skaða en flestir sjúkdómar í eldi eru vegna bakteríusýkinga. Laxalús hefur einungis fundist í undantekningartilfellum í eldi hérlendis og enn sem komið er ekki í Ísafjarðardjúpi. Hinsvegar er mikilvægt að gera ráð fyrir að aukið eldi í Ísafjarðardjúpi muni hafa í för með sér aukið lúsaálag. Í Noregi sýna rannsóknir að meira finnst af laxalús á svæðum þar sem umfangsmikið eldi fer fram<sup>1</sup>. Laxalús og fiskilús eru nokkuð algengar á villtum laxfiskum við Ísland, en næstu ár við eldi Hábrúnar eru Tunguá í Skutulsfirði og Hnífisdalsá, en þær eru fyrst og fremst bleikjuár. Bleikjur hafa mun lægri smittíðni en aðrir laxfiskar og því má búast við að mun minna sé af liffum laxa- og fiskilúsa í firðinum en ef um væri að ræða nálægð við laxveiðiár með stóra stofna laxa.

Matvælastofnun bendir á að laxalús hafi greinst í laxeldisstöðvum í sjó á Vestfjörðum og einnig hafi hennar orðið vart á Austfjörðum. Núgildandi rekstrarleyfi Hábrúnar fyrir regnboga og þorsk gerir ekki ráð fyrir kynslóðaskiptu eldi enda eru öll eldissvæði inni á einu sjókvíaeldissvæði. Verði af tegundabreytingu Hábrúnar í Skutulsfirði verður um að ræða eitt sjókvíaeldissvæði þar sem unnt verður að ala eina kynslóð af laxi á hverjum tíma m.t.t. sjúkdómavarna. Matvælastofnun bendir á að hvergi kemur fram í tilkynningu Hábrúnar hvernig framkvæmd eldisins á að vera m.t.t. kynslóðaskiptingar. Matvælastofnun telur að tegundabreyting Hábrúnar sé það mikil breyting m.t.t. rekstrarleyfisskiyrða og sjúkdómavarna að ástæða sé til að farið verði fram á umhverfismat.

Hafrannsóknastofnun hafnar fullyrðingu framkvæmdaraðila að laxalús finnst aðeins í undantekningartilvikum í laxeldi við Ísland. Stofnunin er umsagnaraðili þegar fiskeldisfyrirtæki þurfa að grípa til lyfjameðhöndlunar gegn laxa- og fiskilúsa. Mikilvægt er að hafa í huga að enn er mörgum spurningum ósvarað varðandi bæði áhrif laxa- og fiskilúsa á villta fiska og áhrif lyfja gegn þeim á lífríki í nágrenni eldissvæða. Reynslan erlendis hafi verið sú að laxalús myndar með tímanum ónæmi fyrir lyfjum og því hafa þau lyf sem nú eru þekkt aðeins dugað í takmarkaðan tíma. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að rétt sé farið með stöðu mála og aðgerðir gegn vandamálum eins og lús er og/eða getur orðið í eldi. Út frá starfssviði Hafrannsóknastofnunar, fyrirliggjandi leyfum framkvæmdaraðila og þeirri áætlun um mótvægisáðgerðir gegn laxa- og fiskilús sem lögð er fram af hálfu framkvæmdaraðila metur stofnunin framkvæmdina ekki þurfa að fara í gegnum mat á umhverfisáhrifum.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að áfram verður eldi á einu sjókvíaeldissvæði sem felur í sér að ef upp koma sjúkdómasmit eða lúsasýkingar þá er það á ábyrgð fyrirtækisins að bregðast við samkvæmt því sem eftirlitsstofnanir gera kröfu um. Hábrún bendir á

---

<sup>1</sup> Bjørn, P.A., Finstad, B., Nilsen, R., Uglem, I., Asplin, L., Skaala, Ø. and N.A. Hvidsten. 2010. *Nasjonal lakselusovervåkning 2009 på ville bestander av laks, sjøørret og sjørøye langs Norskekysten samt i forbindelse med evaluering av nasjonale laksevassdrag og laksefjorder*. Norsk institutt for naturforskning. NINA Rapport 547.



að hér er um að ræða tegundabreytingu sem mun í öllu fylgja þeim skilyrðum sem sett voru við veitingu starfs- og rekstrarleyfis fyrirtækisins.

Í viðbótarumsögn Matvælastofnunar kemur fram að í fyrri umsögn taldi Matvælastofnun tegundabreytingu Hábrúnar það mikla breytingu m.t.t. rekstrarleyfisskilyrða og sjúkdómavarna að ástæða væri til þess að farið yrði fram á umhverfismat. Þá horfði stofnunin aðallega til sjúkdómavarna vegna þriggja eldissvæða fyrirtækisins sem liggja samhliða auk þess sem hvíld þriggja samliggjandi eldissvæða tryggir ekki sjúkdómavarnir. Fyrirtækið hefur svarað ábendingum stofnunarinnar á þá leið að þeir séu meðvitaðir um að bregðast við samkvæmt kröfum eftirlitsstofnana komi upp sjúkdómasmit eða lúsasýkingar. Jafnframt áréttar Hábrún að ekki sé verið að óska eftir neinum breytingum öðrum en tegundabreytingum og að fylgt verði í öllum skilyrðum sem sett voru við veitingu starfs- og rekstrarleyfi fyrirtækisins. Matvælastofnun bendir þó á að ef eitthvað kemur upp þá verður að líta á svæðið sem eina heild og eigandi þarf þá að taka ábyrgð á því t.d. ef fyrirskipa þarf förgun vegna heilbrigðismála. Þar sem ofangreindu hafa verið gerð skil telur stofnunin ekki ástæðu til þess að farið verði fram á umhverfismat m.t.t. útgáfu rekstrarleyfis, rekstrarleyfisskilyrða eða sjúkdómavarna.

### **Uppsöfnun lífrænna efna á sjávarbotni undir og við kvíarnar**

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að lífrænt álag vegna eldisins sé staðbundið og afturkræft og muni minnka með breytingu yfir í lax þar sem fóðurnýting er betri hjá lax en regnbogasilungi<sup>2</sup>.

Að mati Umhverfisstofnunar eru helstu umhverfisáhrif starfseminnar uppsöfnun lífrænna efna á sjávarbotni undir og við kvíarnar. Í starfsleyfi Umhverfisstofnunar dags. 12. nóvember 2020 kemur fram að Skutulsfjörður sé þröskuldsfjörður og gæti því verið lítil vatnsskipti á sjávarbotni. Þar af leiðandi er mikilvægt að vakta umhverfisáhrif losunar frá eldinu. Losun frá eldinu er í formi lífræns úrgangs og fóðurlaifa. Til að varast uppsöfnun næringarefna á botni undir kvíum eru svæði hvíld í a.m.k. 12 mánuði á milli hópa/kynslóða. Þá eru tvö svæði í notkun á meðan eitt er ávallt í hvíld. Umhverfisstofnun telur ólíklegt að losun næringarefna fari yfir þau mörk sem sett eru í starfsleyfum stofnunarinnar fyrir fiskeldi skv. þeim upplýsingum um fóðrun sem koma fram í tilkynningarskýrslu. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki líklegt að lífrænt álag muni aukast með breytingunni. Umhverfisstofnun telur að breytingin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Hafrannsóknastofnun telur ástæðu til þess að ástand botns innan eldissvæðanna sé vaktað með reglulegum hætti, sérstaklega vegna þess að vatnshlotið Skutulsfjörður ytri er nú þegar undir álagi frá byggð og fiskvinnslu.

## **5 SKIPULAG OG LEYFI**

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi.

---

<sup>2</sup> Fry, P. Jillian., Mailloux, A. Nicholas., Love, C. David., Milli, C. Michael and Cao, Ling. 2018. *Feed conversion efficiency in aquaculture: do we measure it correctly?* Environ. Res. Lett 13 024017.



## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða tegundabreytingu í eldi úr regnbogasilung og þorski í lax sem er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 1.11 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal taka mið af eðli hennar, meðal annars stærð og umgangi og samlegðar með öðrum framkvæmdum, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til þeirrar landnotkunar sem fyrir er, álagspóls strandsvæða og kjörlendis dýra, sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum á 700 tonna framleiðslu á þorski og regnbogasilungi í Skutulsfirði á vegum Hábrúnar dags. 11. ágúst 2018. Niðurstaða stofnunarinnar var að framkvæmdin væri ekki matsskyld. Um er að ræða breytingu á áður nefndri framkvæmd sem felst í því að hætta með eldi á þorski og regnbogasilung og hefja eldi á laxi á sömu eldissvæðum í Skutulsfirði.

Eldi Hábrúnar í Skutulsfirði er ekki mikið af umfangi. Gera má ráð fyrir að dreifing úrgangs og uppsöfnun næringarefna verði að mestu sambærileg því sem fyrir er, enda er eingöngu verið að breyta tegund eldisfisks en ekki auka umfang eldis. Með hliðsjón af umsögnum Hafrannsóknastofnunar og Umhverfisstofnunar telur Skipulagsstofnun að breytt fyrirkomulag á eldi í firðinum komi ekki til með að auka umhverfisáhrif á botndýralíf og ástand sjávar. Skipulagsstofnun tekur undir með Hafrannsóknastofnun og Umhverfisstofnun að ástand botns innan eldissvæðanna verði áfram vaktað með reglulegum hætti.

Núgildandi rekstrarleyfi Hábrúnar gera ekki ráð fyrir kynslóðaskiptu eldi enda eru öll eldissvæðin á sama sjókvíaeldissvæði. Verði af tegundabreytingu mun eingöngu vera hægt að ala eina kynslóð í einu. Núgildandi leyfi gera ráð fyrir 50 tonna eldi á þorski. Við tegundabreytingu mun því verða mögulegt að ala 700 tonn af laxfiskum í stað 650 tonna. Þar sem umfang eldis er lítið og eingöngu er um að ræða lítilsháttar aukningu á eldi laxfiska má gera ráð fyrir að fyrirhuguð tegundabreyting komi ekki til með að hafa mikið álag í för með sér á villta fiska vegna laxa- og fiskilúsar.

Matvælastofnun hefur bent á að áhætta af dreifingu sjúkdóma annarra en laxalúsar úr eldisfiski í villtan fisk sé hverfandi lítil, jafnvel þó fiskur sleppi. Mesta hættan við dreifingu sjúkdóma sé bundin við smitdreifingu með eldisbúnaði og flutningi á smituðum eldisfiski.<sup>3</sup> Í ljósi framangreinds og í ljósi þess að um er að ræða umfangslítið eldi telur Skipulagsstofnun ólíklegt að fyrirhuguð tegundabreyting komi til með að auka hættu á dreifingu sjúkdóma nema að litlu leyti.

Skipulagsstofnun leggur til að í leyfum sé skýrt kveðið á um heimildir til að bregðast við vegna mögulegra afleiðinga þess að laxa- og fiskilús ásamt lyfjameðhöndlun verði viðvarandi í eldi í Skutulsfirði. Bæði vegna mögulegra áhrifa lúsar á villta fiska sem og vegna mögulegra mengunaráhrifa lyfja á annað lífríki. Skipulagsstofnun telur að auki mikilvægt að í leyfum verði sett ákvæði um að fjöldi laxalúsa á villtum stofnum innan áhrifasvæðis sjókvíaeldis í Skutulsfirði verði vaktaður.

Samkvæmt áhættumati Hafrannsóknastofnunar er talið mögulegt að ala allt að 12.000 til 14.000 tonn af frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi án þess að eldi hafi áhrif á þá náttúrulegu laxastofna sem áhættumatið nær til. Því er ólíklegt að mögulegar slysasleppingar úr fyrirhuguðu 700 tonna laxeldi

<sup>3</sup> Matvælastofnun (2020). Greinargerð. Útgáfa rekstrarleyfis FE-1152. Laxar eignarhaldsfélag ehf. 10.000 tonna laxeldi í Reyðarfirði.



Hábrúnar komi til með að hafa áhrif á laxastofna í þeim ám sem áhættumatið nær til. Áhættumatið nær þó ekki til áa sem geyma litla laxastofna. Almennt eru ár með litla stofna taldar viðkvæmari fyrir erfðablöndun. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um litla laxastofna í Ísafjarðardjúpi en fyrir liggur að lax hefur veiðst og seiði fundist í fleiri ám en þeim sem áhættumatið tekur til.<sup>4</sup>

Hafrannsóknastofnun telur að miklar líkur séu á því að útsetning stórseiða muni draga úr snemmbúnu stroki. Framkvæmdaraðili hyggst nota seiði sem náð hafa 400 gr. þyngd við útsetningu auk þess að notast við ljósastýringu sem seinkar kynþroska sem dregur úr mögulegri erfðablöndun við villta stofna.

Skipulagsstofnun telur engu að síður mikilvægt að sett verði skilyrði í rekstrarleyfi sem miði að því að lágmarka hættu á neikvæðum áhrifum á villta stofna vegna erfðablöndunar, s.s. um lágmarksstærð seiða, notkun ljósastýringar og vöktun á eldisbúnaði. Í ljósi þess að um er að ræða umfangslítið eldi, og með hliðsjón af boðaðri verktilhögun framkvæmdaraðila og mótvægisáðgerðum, telur Skipulagsstofnun að áhrif fyrirhugaðrar tegundabreytingar Hábrúnar séu ekki líkleg til að verða mikil, m.t.t. til erfðablöndunar.

### **Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: svæðis sem ætla má að verði fyrir áhrifum, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, samlegðaráhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Sem fyrr segir felast áhrif tegundabreytingar fyrst og fremst í mögulegum áhrifum á villta laxastofna vegna erfðablöndunar. Tegundabreyting mun breyta eðli áhrifa framkvæmdarinnar að því leyti að ekki er hætt á erfðablöndun við núverandi fyrirkomulag.

Laxeldi Hábrúnar mun hafa samlegðaráhrif með öðru eldi á frjóum laxi á Vestfjörðum og sér í lagi í Ísafjarðardjúpi. Líkt og fram hefur komið telur Skipulagsstofnun að áhrif af eldi Hábrúnar á villta laxa verði takmörkuð vegna lítils umfangs og mótvægisáðgerða sem draga úr hættu á slyssleppingum. Að sama skapi telur Skipulagsstofnun að vegna þess hve umfang eldisins er lítið, og lítill hluti af heildarmagni frjós lax sem heimilt er að ala í Ísafjarðardjúpi, að hlutdeild eldis Hábrúnar í samlegðaráhrifum sé minniháttar.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 16. ágúst 2021.

Reykjavík, 9. júlí 2021.

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson

<sup>4</sup> Sjá t.d. Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson (2021) Lax og silungsveiðin 2020. Hafrannsóknastofnun.; Halla Kjartansdóttir og Sigurður Már Einarsson (2009) Fiskistofnar Ósár og Syðridalsvatns. Rannsóknir 2008. Veiðimálastofnun.; og Sigurður Már Einarsson og Friðþjófur Árnason (2000) Fiskirannsóknir í Heydalsá í Mjóafirði. Veiðimálastofnun.